

Aðalfundur foreldrafélags Höfðaskóla 15. desember 2020

Fundað var í gegnum zoom klukkan 20:00

Mættir voru í stjórn, Þorgerður Þóra, Fjóla Dögg, Inga Rós, Berglind Rós

Aðrir mættir í gegnum zoom:

Aðalheiður Sif, Dagný Rósa, Elín Ósk, Friðfinnur, Guðrún Elsa, Helena Mara, Jón Ólafur, Sara Diljá, Vigdís, Davíð, Jenný Lind, Eydís, Valtýr, Inga Jóna, Árni Max,

Fundarstjóri: Þorgerður Þóra Hlynsdóttir

Ritari: Berglind Rós Helgadóttir

Vegna covid urðum við að fresta fundinum í tvígang og tekin var ákvörðun að halda í stað þess að fresta enn frekar að halda fund í gegnum zoom.

Ársskýrsla formanns lesin upp af formanni og farið yfir helstu viðburði 2019-2020

Ársreikningar lagðir fram til samþykktar : Allir samþykkir

Jólaball er alfarið í höndum foreldrafélags leikskóla Barnabóls en Grímuball á Öskudegi er í höndum foreldrafélags Höfðaskóla.

Kosning fór fram í stjórn þar sem Fjóla Dögg Björnsdóttir sagði af sér sem ritari og Elín Ósk Ómarsdóttir bauð sig fram í hennar stað.

Önnur mál:

Upp kom sú hugmynd að reyna að fá fyrirtæki til að styrkja okkur við kaup á ípad tækjum inn á miðstigi svo til séu tæki fyrir alla á miðstigi

Ákveðið var að þrátt fyrir covid myndi Jólasveina póstur á Þorláksmessu halda sér enda ein helsta fjáröflun okkar. Gæta yrði sérstaklega vel að sóttvörnum og allt sett í poka. Jólasveinarnir yrðu með grímur, hanska og myndu passa upp á fjarlægðir

Fundi slitið 20:30